



6. febrúar 2009
SÍ-48875


Forsætisráðherra Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
Reykjavík

Með vísan til bréfs yðar dags. 2. febrúar 2009 og sjónarmiða sem fram koma í því tek ég fram eftirfarandi: Ég hef aldrei tekið þátt í stjórn-
málastarfi né verið félagi í nokkurri stjórnmalahreyfingu. Ég get því
með engu móti fallist á að „pólítísk sjónarmið“ hafi „vegið þungt“ við
skipun mína í bankastjórn Seðlabanka Íslands á sínum tíma eins og
gefið er í skyn. Ég tel skipun mína hafa byggst á faglegum sjónar-
miðum og á þekkingu minni og reynslu, bæði á innlendum og erlend-
um vettvangi. Menntun mín er hefður ekki frábrugðin því sem algengt
er meðal bankastjóra margra annarra seðlabanka sem einnig er vitnað
til í bréfi yðar.

Ég lýsi því jafnframt yfir að ég hef alla tíð lagt mig fram um að sinna
skyldum mínum, innanlands sem utan, af fagmennsku, ábyrgð og
samviskusemi á grundvelli menntunar og reynslu sem ég hef aflað mér
á áratugalöngum starfsferli í bankanum og í alþjóðlegu samstarfi.
Dylgjur um annað eru í huga mínum ósanngjarnar og órökstuddar. Mér
finnst ómaklega vegið að starfsheiðri mínum og æru í bréfi yðar frá 2.
febrúar sl. og orðum sem þér hafið látið falla á opinberum vettvangi.

Ég óska eftir lausn úr embætti bankastjóra við Seðlabanka Íslands frá
og með 9. febrúar n.k. og afþakka boð yðar um „að ganga til viðræðna
við stjórnvöld um starfslokagreiðslur er taki mið af þeim réttindum
sem þér eigið samkvæmt 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfs-
manna ríkisins“.

Virðingarfyllt



Ingimundur Friðriksson

Afrit: Halldór Blöndal, formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands